

Ágætu félagar

Loksins getum við haldið okkar aðalfund saman en ekki rafrænt á Teams eins og við höfum þurft að gera á þessum Covid tímum.

Það er mikill munur á því að hafa ykkur hér í salnum en að hafa ykkur á skjánum, þó að það hafi bjargað því að hægt var að halda fundi.

En það er ekki bara Covid sem hrjáir okkur heldur er stríð sem gerir svo mörgum miklar þjáningar á stríðssvæðunum og einnig því fólki sem þarf að flýja landið sitt og vera upp á aðra komna langt frá sínum heimahögum.

Við Íslendingar höfum sem betur fer ekki lent í svona löguðu en hugur okkar er hjá þessu fólki og þau eiga allan okkar stuðning. Ég vil biðja ykkur um að standa á fætur og hugsa hlýtt til þessa fólks í eina mínútu þeim til styrktar.

Takk fyrir.

En lífið er ekkert auðvelt og þetta stríð mun koma til með að gera launafólki erfiðara fyrir. Verðbólga mun aukast, vextir munu hækka og allt verðlag fylgir með.

Það verður kjararýrnun og spurning hvað hún verður mikil. En það er smá ljósgeisli að laun hækka um 10.500 kr. á taxta og almennt um 7.875 kr. Hann gildir frá 1. apríl sl.. Það er þessi Hagvaxtarauki sem samið var um í síðustu samningum.

En komandi haust verða kjarasamningar lausir á almennum markaði og á árinu 2023 hjá ríki og sveitarfélögum.

Undirbúningur félagsins er í fullum gangi og hafa margir komið þar að verki. Samninganefnd félagsins ákvað að fara í skoðanakönnun meðal félagsmanna um hvað þeir vildu leggja áherslu á í næstu samningum.

Það var niðurstaða að hafa hana rafræna en ekki eins og áður þegar eyðublöð voru send á vinnustaði og fólk fyllti út. Það var líka gert í ljósi þess að Covid er í fullum gangi.

Við fengum RHA hér á Akureyri til að sjá um þetta og var sent bréf á alla þá sem greiddu félagsgjald í nóvember og desember 2021 með aðgangsorði og slóð til að svara könnuninni.

Það er sorglegt að það voru aðeins um 10% þeirra sem fengu bréfin sem svöruðu eða aðeins 1/3 af þeim fjölda svara sem við fengum þegar eyðublöðin fóru á vinnustaði.

Ég hef spurt mig af hverju mönnum sé alveg sama um sín mál. Eru það einhverjir aðrir sem eiga að sjá um þetta eða finnst fólki tilgangslaust að vera tjá sig. Það segja margir við mann að það sé ekkert gert með það sem maður segir og þessi félög séu orðin tímaskekkjur.

Forustumenn eru í hár saman og engir ávinningar nást. Þetta er einmitt málflutningurinn sem SA vill heyra. Það er unnið hér hjá okkar félagi nákvæmlega eftir því sem félagsmennirnir hafa sett á blað í þeim könnunum sem við gerum.

Það hefur skilað sér í margvíslegum bótum bæði launalega og réttindalega. Eining-Iðja hefur verið í forustu fyrir marga samninga og þótt ýmsir berji sér á brjóst að allt sé best hjá þeim þá eru okkar samningar síst verri en þeirra. Annað er að það er ekkert félag sem hefur tekið fleiri aðila inn í samningaviðræður en við. Það er ekki bara formaðurinn sem tekur þátt.

Okkar kröfugerð verður tilbúinn í lok apríl og samninganefndin samþykkti á fundi sínum þann 31. mars sl. að fela SGS samningsumboð félagsins gagnvart almennu samningunum en tekin verður ákvörðun í haust hvað varðar samningana við ríkið og sveitarfélögin..

Samstaðan innan hreyfingarinnar hefur mikið verið rædd að undanfögnu og menn tala um fylkingar og að það sé hatur á milli manna.

Starfsfólk stéttarféлага er dregið inn í umræðuna eins og það séu einhverjir sökudólgar. Það er allavega ljóst að í okkar Gallup könnun

Þá er vaxandi ánægja með félagið í heild og ekki síst með þá þjónustu sem fólk fær hjá starfsfólki félagsins.

Það er nefnilega ekki alltaf auðvelt að gera alla ánægða en að gera sitt besta er mottó starfsfólks Einingar-Iðju.

Könnunin segir að vel hafi tekist til í þeim efnum. Það er ekki allra að fjalla um erfið mál sem upp koma, það getur snúist um lífsviðurværi og að eiga mat fyrir börnin sín, að vita hvernig á að tækla áreitni bæði félagslega og kynferðislega auk allra annara vandamála.

Það að grátið sé inn á skrifstofum okkar er mjög algengt. En það eru líka tilvik sem menn verða reiðir og jafnvel hóta miska. Það þarf bein til að þola svona og hefur félagið reynt að koma til móts við starfsfólkið með því að halda sjálfstyrkingarnámskeið og veita því alla þá aðstoð sem þurft hefur.

Skrifstofunni berast meira en 100 símtöl á dag og einnig koma tugir manns með allskonar erindi í hverri viku. En gott og traust starfsfólk er gulls ígildi og þannig starfsfólk eigum við hjá Einingu-Iðju.

Af hverju er mér svona tíðrætt um þetta? Það er vegna þess að við finnum þörfina hjá fólki eftir ráðgjöf og líka hjálp við hinum ýmsu vandamálum sem fólk er að glíma við.

Það að stéttarfélag séu óþörf held ég að sé ekki framalega í huga þessa fólks. Það hafa aldrei fleiri þurft hjálp sjúkrasjóðs eins og á síðasta ári. Covid hefur örugglega haft einhver áhrif á það.

En hvað er það sem fólk leggur mestu áherslu á í næstu samningum?

Í áður nefndri könnun, sem RHA gerði fyrir okkur og send var tæplega 4.900 manns, var spurt hvað félagsmenn vildu sjá í næstu samningum. Þátttakan var því miður mikið verri en þegar við dreifðum spurningarlistum á vinnustaði.

Þá fengum við um 1.600 manns til að svara en nú voru það aðeins 570 manns sem svöruðu. Svo segja menn að tæknin bjargi öllu. Eftir því sem auðveldara er að svara þá fáum við færri svör. En er ekki málið að þegar þetta var á vinnustöðunum þá voru trúnaðarmennirnir alltaf að

minna á og þá var ekki hægt að fela sig á bakvið skjáinn. En takk fyrir þið sem svöruðu.

Það er mikill samhljómur með því sem kom út úr þessari könnun og Gallup könnuninni frá því í október. Það var gleðilegt að fólk 24 ára og yngra var duglegast að svara könnunni. En hvað vildi fólk?

Launin, að semja þannig að út úr samningnum kæmi aukinn kaupmáttur og það yrði gert með því að hækka laun í krónutölu.

Það er líka ljóst að menn vilja ræða vinnutímastyttinguna en þar þarf ýmislegt að laga er varðar framgang, sérstaklega sveitarfélaganna, og semja um breytingar á útfærslum.

Það verður ekki samþykkt að þetta verði eins og tilraunaverkefnið sem lagt var upp með. Einnig vill almenni markaðurinn fá inn sína styttingu með sambærilegum hætti og á opinbera markaðnum þ.e. þessar 13 mínútur áður en kaffitímarnir verða hreyfðir.

Eins og samið var um í síðustu samningu eru engir að fara að taka það upp að byrja að selja kaffitímanna og svo að semja um 13 mín til viðbótar til að ná fullri styttingu.

En ef menn skoða kröfur á ríkið þá er það svolítið aldurstengt. Þeir eldri vilja hækka skattleysismörkin meðan þeir yngri vilja aukinn möguleika að eignast húsnæði.

Samninganefndir okkar munu fara yfir þetta allt saman og klára okkar kröfugerð. Í mínum huga eigum við að fara fram með fáar kröfur en markvissar. Ég tel það vænlegast til árangurs.

Það gefur okkur tækifæri á að standa fastar á okkar kröfum en ef þær eru of margar.

Verkefni sem upp koma eru endalaus og mörg mjög krefjandi fyrir starfsmenn félagsins að leysa úr, en að mínu áliti höfum við staðið okkur nokkuð vel.

Það er því frábært að fá þau svör úr skoðanakönnun frá Gallup að 98% félagsmanna séu frekar ánægðir með þjónustuna og sama hlutfall með félagið í heild.

Rekstur félagsins gekk vel á síðasta ári. Rekstrarafgangur var upp á rúmlega fjörutíu og sjö miljónir og eftir vexti var afgangurinn rúmlega fjörutíu og sex miljónir.

Í upphafi árs samþykkir stjórn rekstraráætlun fyrir árið og starfsmenn félagsins vinna eftir henni. Á hverjum stjórnarfundum er staða félagsins lögð fram. Þetta gerir stjórnarfólki kleift að fylgjast með framvindu mála. Það er ómetanlegt fyrir mig að hafa stjórnina svona vel upplýsta um fjármál félagsins.

Hermann, endurskoðandinn okkar, mun fara betur yfir þetta hér á eftir. Þá verður líka farið yfir stjórn og trúnaðarráð en einn listi barst um tillögur að stjórn og trúnaðarráði, var hann því sjálfkjörinn.

Alls eru 24 nýir aðilar inni í trúnaðarráði félagsins og eru þeir á öllum aldri. Hjá félaginu eru 40% trúnaðarmanna undir 35 ára aldri og um það bil helmingur félagsmanna Einingar-Iðju er undir 35 ára aldri.

Fjöldi félagsmanna hefur nokkurn veginn staðið í stað á milli ára, aðeins 400 færri greiddu félagsgjöld árið 2021 en 2020 sem er ekki mikið miðað við ástandið.

51% félagsmanna í félaginu eru konur, en karlar eru 49%.

Það hafa orðið breytingar á starfsfólki og má segja að það hafi orðið kynslóðaskipti hjá félaginu eins og ég talaði um á síðasta aðalfundi. Sigrún og Madda farnar í eilífa sumarfríið og nýtt fólk komið í staðinn.

Takk fyrir allt það liðna og svo horfum við til framtíðar með nýju fólki.

Einnig er farið að styttest í langa fríið hjá mér þar sem þetta er síðasta starfsárið sem ég gegni starfi formanns en þann 1. maí nk. eru 40 ár síðan ég hóf störf hjá Verkalýðsfélaginu Einingu. Þetta hafa verið frábær ár og ég held að ef ég mætti velja hvort ég mundi fara aftur í þetta starf þá mundi ég segja já.

Það er svo gefandi að umgangast ykkur kæru félagar og ekki síst að ná árangri í að þið náði réttindum ykkar og að allt sé eins og samningar segja til um.

En oft hafa verið umbrotatímar og að vera formaður í stéttarfélagi er ekki eitthvað sem gerir mann vinsælan heldur er oft gremja yfir einhverju látin bitna á formanni í umræðunni.

Starfsfólkinu öllu færi ég mínar bestu þakkir fyrir góð störf og ekki síst þann óbilandi vilja að gera félagið að því fyrirmyndarfélagi sem Eining-Iðja er.

Nú sný ég mér að hefðbundinni skýrslu.

Aðalfélagar á síðasta ári voru 7.901. Fjölda félaga og breytingu á milli ára má sjá á bls. 15.

4.730 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu miðað við 3.302 árið áður. 976 fengu starfsmenntastyrki, 2.084 fengu styrki úr sjúkrasjóði, 1.475 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 195 einstaklingar fóru í orlofsferð á vegum félagsins eða í leikhús þetta starfsárið.

Varðandi greiðslur til félagsmanna á árinu þá voru þær alls um 358 milljónir króna, sem er hækkun á milli ára um 42 milljónir. Greiðslur úr sjúkrasjóðnum fóru í fyrsta skipti yfir 200 milljónir en þær voru rúmar 210 milljónir. Greiðslur úr fræðslusjóði rúmar 60,5 milljónir og úr orlofssjóði rúmar 87 milljónir.

Hermann Brynjarsson mun fara yfir reikninga félagsins hér á eftir, en á bls. 15 í skýrslunni má sjá lykiltölur og samanburð við árið á undan.

Ef við lítum á helstu styrki úr félagssjóði á síðasta starfsári, þá fékk Velferðarsjóðurinn á Eyjafjarðarsvæðinu styrk að upphæð kr. 1.000.000, Rauði krossinn vegna Úkraínu 7.000.000, Iðnaðarsafnið á Akureyri kr. 400.000, Fjölsmiðjan á Akureyri kr. 300.000 og Hollvinir SAk kr. 100.000.

Á bls. 10 má finna fjárveitingar úr sjúkrasjóði. Alls fengu 243 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur, alls rúmar 172 milljónir miðað

við rúmar 136 milljónir árið áður. 1.842 fengu styrki, alls um 38,1 milljón miðað við um 33,2 milljónir árið áður.

Alls fengu því 2.084 félagsmenn greitt á síðasta ári úr sjóðnum, alls tæpar 210,4 milljónir sem er hækkun um 41 milljón milli ára. Eins og áður segir þá fóru greiðslur úr sjúkrasjóðnum í fyrsta skipti í sögu félagsins yfir 200 milljónir á starfsárinu.

Vert er að minna á samstarfssamning sem félagið er með við SÍMEY með það að markmiði að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína. SÍMEY tók m.a. að sér að hafa umsjón með dyravarðanámskeiðum sem félagið hefur séð um í áratugi.

SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Áhugasamir geta kíkt á [www.simey.is](http://www.simey.is) til að sjá framboð námskeiða.

Vegna áhrifa vegna Covid 19 ákváðu stjórnir Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar á árinu 2020 að setja af stað átak í fræðslu. Hluti átaksins fólst í því að endurgreiðsluhlutfall styrkja hækkaði tímabundið úr 75% í 90% hjá bæði fyrirtækjum og til einstaklinga.

Frá því átakið hófst hafa stjórnir sjóðanna nokkrum sinnum ákveðið að framlengja það og var síðasta lokadagsetning 31. desember sl. Ákveðið var að framlengja það einu sinni enn og því verður haldið áfram með allt að 90% endurgreiðsluhlutfall til 1. maí nk. og verður það þá endurskoðað aftur.

Að hámarki geta félagsmenn fengið styrk að upphæð kr. 130.000 á ári, en félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 390.000 fyrir eitt samfellt nám/námskeið skv. reglum sjóðanna.

976 félagsmenn, 592 konur og 384 karlar, fengu einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er sami fjöldi og árið áður. Upphæðin sem greidd var hækkaði örlítið milli ára og var hún rétt rúmar 60,5 milljónir.

Á starfsárinu er búið að halda nokkur trúnaðar-mannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög í Alþýðuhúsinu, nokkur á rafrænan hátt vegna Covid.

Á bls. 11 sjáið þið aldursdreifingu styrkþega og yfirlit yfir helstu námskeið. Tengiliður við menntasjóðina er Aðalbjörg G. Hauksdóttir og hefur hún einnig umsjón með félagslegri fræðslu hjá félaginu.

Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tómsundanámskeið sem félagið heldur. Endilega hafið samband við hana ef þið eruð með hugmynd um námskeið.

Félagið á 22 orlofshús og sex orlofsíbúðir. Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-Iðja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Félagið tók líka fjölda orlofshúsa á leigu eða skipti á húsum við önnur félög víðsvegar um landið yfir sumarið.

Nýting orlofshúsanna hefur verið mjög góð.

Ég vil minna á að gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum og íbúðum félagsins.

Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón á íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma, en auðvitað þarf að skila henni fullfrágenginni og snyrtilegri.

Leigutakar þurfa sjálfir að þrifa orlofshúsin áður en þeim er skilað.

Best er að skilja við hús og íbúðir eins og við viljum koma að þeim. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Því miður er staðan sú að kvörtunum vegna umgengi og lélegra þrifa hefur farið fjölgandi að undanfögnu.

Félagar!

Höfum í huga að orlofshúsin eru sameign okkar allra og því er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari.



Félagsmönnum var aftur boðið upp á íbúð á Spáni síðasta sumar, en einungis var hægt að nýta hana í eina leigu, þ.e. í tvær vikur, vegna Covid. Íbúðin verður ekki í boði næsta sumar.

Félagið úthlutaði 300 orlofsstyrkjum sem við köllum “Orlof að eigin vali”, hver styrkur var að hámarki 25.000 krónur. Vegna Covid gátu einungis 168 félagsmenn nýtt sér styrkinn.

Í fyrra var einungis boðið upp á tvær ferðir fyrir félagsmenn, en annarri þeirra var aflýst vegna Covid. Búið var að skipuleggja þrjár ferðir í ár, en í byrjun árs var ákveðið að aflýsa utanlandsferð ársins.

Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og deildarstjórnunum, í svæðisráðum, trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum. Fjölmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum, í mars hélt félagið t.d. þrjá rafræna fundi með trúnaðarmönnum vegna undirbúnings kjarasamninga. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess. Vegna Covid fóru mjög margir þessara funda fram á rafrænan hátt.

Tveir fundir voru haldnir í trúnaðarráðinu, umfjöllum um þá má finna á bls. 13 í skýrslunni.

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi og eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

10 fundir voru haldnir í stjórn félagsins þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir. Vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins.

Þannig veit stjórnin alltaf hvernig staðan er miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs.

Á bls. 5 til 7 í skýrslunni er farið yfir helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundunum.

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta

starfsárið. Þó urðu þeir mun færri en vanalega vegna ástandsins í þjóðfélaginu vegna Covid og flestir rafrænir.

Undanfarin ár er búið er að halda fjölmarga vinnustaðafundi, þar sem átt hafa sér stað góðar umræður, en á slíkum fundum er gott að miðla upplýsingum til félagsmanna. Vegna Covid voru mjög fáir slíkir fundir haldnir á starfsárinu. Trúnaðarmenn eru þó hvattir til að vera duglegir að halda slíka fundi með starfsmönnum félagsins.

Aðalfundir starfsgreinadeildanna fóru fram í byrjun febrúar en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu voru þeir aftur rafrænir þetta árið. Þrátt fyrir það var ágæt mæting á fundina og tókust þeir mjög vel. Undanfarin ár hafa þeir farið fram sama kvöldið með sameiginlegri dagskrá í byrjun en núna fóru þeir fram dagana 1. til 3. febrúar sl. Skýrslur stjórnna má finna á heimasíðu félagsins. Formenn og vaformenn deilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins.

Í maí 2021 var haldinn ársfundur Stapa, í september fór fram 7. þing ASÍ-UNG og 8. þing SGS fór fram á Akureyri í lok mars. Þá fór fram fulltrúaráðsfundur Stapa í desember. Á bls. 14 í skýrslunni má lesa nánar um fundina og þingin, þar sem Eining-Iðja átti að sjálfsögðu fulltrúa.

Undanfarin ár hefur félagið gefið út þrjú blöð ár hvert, orlofsblað, sumarblað og jólablað. Þessi blöð lifa áfram á heimasíðu félagsins, en blöðin voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, í um 12.000 eintökum.

Heimasíðan var eins og áður vel virk og mjög vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Ég hvet alla til að skrá sig á póstlista félagsins, það er ef þú ert ekki þegar skráður.

Félagið er líka á Facebook og ekki væri verra að fá eins og eitt like frá ykkur. Ýmsar tilkynningar detta líka inn á Instagram síðu félagsins þannig að það er um að gera að fylgjast líka vel með henni. Ef þið viljið koma einhverjum ábendingum varðandi hana til okkar þá er best að hafa samband við hann Ödda.

Við, sem störfum á skrifstofunum þökkum fyrir öll góðu samskiptin á árinu og vonum að okkur hafi tekist að greiða úr sem flestu af því sem komið var með til okkar, hvort sem var í heimsóknum, síma eða á neti.

Vonandi eigum við góð samskipti áfram og berum gæfu til að gera góða hluti á komandi starfsári.

Að lokum vil ég þakka öllum sem ég hef starfað með á árinu fyrir samstarfið.

Það er óendanlega gaman að vera í sambandi við allt það fólk sem maður hittir, bæði á skrifstofunni og á fundum, og ekki síst á förnum vegi.

Takk fyrir mig og takk fyrir hönd starfsmanna félagsins.